

Afgreiðsla byggingarfulltrúa skv. viðauka 2.4 um embættisafgreiðslur byggingarfulltrúa við samþykkt um stjórn Reykjavíkurborgar og fundarsköp borgarstjórnar

Árið 2024, þriðjudaginn 28. maí kl. 10:00 fyrir hádegi hélt byggingarfulltrúinn í Reykjavík 1160. fund sinn til afgreiðslu mála án staðfestingar umhverfis- og skipulagsráðs. Fundurinn var haldinn á skrifstofu byggingarfulltrúa 3. hæð Borgartúni 12-14, Gjáin.

Fundinn sátu: Brynjar Þór Jónasson, Edda Þórsdóttir, Margrét Pálína Cassaro, Sigrún Reynisdóttir og Sigurður Stefán Karlsson.

Fundarritari var Guðrún Ósk Hrólfsdóttir.

Þetta gerðist:

- Austurstræti 12A - USK24040087** Sótt erum leyfi að breyta erindi USK23030004 þannig að sótt er um að breyta innra skipulag kjallara og 1.hæðar og breyta veitingarstað úr flokki II í flokk III á lóð nr. 12a við Austurstræti
Gjald kr.15.400.

Samþykkt. Samræmist ákvæðum laga nr. 160 / 2010.

Áskilin lokaúttekt byggingarfulltrúa. Áskilið samþykki heilbrigðiseftirlits.

- Aðalstræti 6 - USK24020031** Sótt er um leyfi til að setja glugga á vesturgafli húss á lóð nr. 6 við Aðalstræti. Erindi fylgir hæðarblað dags. 5.1984 og umsögn burðarþolshönnuðar dags. 1. febrúar 2024. Skipulagsfulltrúi gerir ekki athugasemd við erindið sbr. afgreiðslu 7. mars sl. Gjald kr. 15.400.

Frestað. Vísað til athugasemda.

- Álfabakki 2A - USK24010088** Sótt er um leyfi til þess að breyta erindi USK23080010, þannig innra skipulagi er breytt, auk þess sem bætt er við bílakjallara undir hús á lóð nr. 2 við Álfabakka. Stækkun, A-rými: 3,694,0 ferm., 15,228,9 rúmm.
Erindi fylgir yfirlit breytinga og umsögn skipulagsfulltrúa dags. 22. febrúar 2024 og tölvupóstur frá skipulagsfulltrúa þar sem ekki er gerð athugasemd með fyrirvara um nýtt samgöngumat dags. 27. maí 2024.
Gjald kr.15.400.

Frestað. Málinu vísað til umhverfis- og skipulagsráðs.

- Álfabakki 4 - USK24040057** Sótt er um leyfi til að byggja stálgrindarhús, tveggja hæða að hluta, klætt samlokueiningum, fyrir verslun, skrifstofu og lager á lóð nr. 4 við Álfabakka. Ekki eru gerðar skipulagslegar athugasemdir.
Stærð, mhl.01: 2.258,2 ferm., 13.673 rúmm.
Mhl. 02, hjólageymsla: 45,6 ferm., 186 rúmm.
Samtals: 2.304,2 ferm., 13.859 rúmm.
Gjald kr. 15.400.

Frestað. Vísað til athugasemda.

5. **Ármúli 42 - USK24030090** Sótt er um leyfi að breyta innra skipulagi í mhl. 02 í atvinnuhúsi á lóð nr. 42 við Ármúla.
Gjald kr. 15.400.

Frestað. Vísað til athugasemda.

6. **Blesugróf 30 - USK24010032** Sótt er um leyfi til að byggja staðsteypt einnar hæðar einbýlishús með innbyggðri bílgeymslu á lóð nr. 30 við Blesugróf.
Stærð: 286,3 ferm., 1.053,5 rúmm.
Gjald kr. 15.400.

Frestað. Vísað til athugasemda.

7. **Borgartún 25 - USK24040168** Sótt er um leyfi til að breyta innra skipulagi á 5. hæð í atvinnuhúsi á lóð nr. 25 við Borgartún.
Erindi fylgir yfirlit breytinga dags. 31. júlí 2007.
Gjald kr. 15.400.

Frestað. Vísað til athugasemda.

8. **Borgartún 34 - USK24050109** Sótt er um leyfi til að byggja steinsteypt fjölbýlishús á 4-8 hæðum með verslunar- og þjónusturýmum á vesturhluta jarðhæðar, bílakjallara með 80 stæðum og 100 íbúðum á efri hæðum á lóð nr. 24-36 við Borgartún.
Erindi fylgir greinargerð aðalhönnuðar dags. 2. maí 2024, samantekt á brunavörnum, orkurammi dags. 27. mars 2024 og greinargerð um hljóðvist dags. 4. mars 2024.
Stærð:
Gjald kr. 15.400.

Frestað. Vísað til athugasemda. Málinu vísað til skipulagsfulltrúa til umsagnar.

9. **Brautarholt 4A - USK24050066** Sótt er um leyfi til að breyta erindi BN057715 með því að skipta þjónusturými á 1. hæð upp í tvær einingar.
Gjald kr. 15.400.

Frestað. Vísað til athugasemda.

10. **Básendi 9 - USK23110278** Sótt er um leyfi til að endurbyggja og stækka bílskúr við tvíbýlishús á lóð nr. 9 við Básenda.
Stækkun: 15,5 ferm., 59,7 rúmm.
Gjald kr. 15.400.

Samþykkt. Samræmist ákvæðum laga nr. 160 / 2010.

Frágangur á lóðamörkum verði gerður í samráði við lóðarhafa aðliggjandi lóða. Áskilin lokaúttekt byggingarfulltrúa.

11. **Bæjarháls 1 - USK24030161** Sótt er um leyfi til að breyta erindi USK23010204 með því að byggja tæknirými úr stáli og gleri á þak austurhluta húss á lóð nr. 1 við Bæjarháls.
Stækkun: 54,2 ferm., 169,1 rúmm.
Gjald kr. 15.400.

Frestað. Vísað til athugasemda.

12. **Bíldshöfði 7 - USK24030214** Sótt er um leyfi til að byggja 448,7 ferm og 2709,9 rúmm atvinnuhúsnæði á einni hæð mhl. 28 úr vottuðum forsteyptum samlokueiningum fyrir skrifstofur, verslun og lager á lóð nr. 7 við Bíldshöfða. Erindi fylgir gátlisti dags.12.03.2024 og greinagerð hönnunarstjóra dags. 12.03.2024. Umsögn skipulagsfulltrúa dags. 23. maí sl., fylgir erindi. Gjald kr.15.400.
- Frestað. Vísað til athugasemda.
13. **Dalsmúli 1 - USK24030020** Sótt er um leyfi til að breyta erindi BN061572 þannig að íbúðum á 7. hæð er fækkað, verða þrjár í stað fjögurra og íbúðir á reit A þannig 65 og til að breyta gluggasetningu 7. hæðar í fjölbýlishúsinu Dalsmúla 1, á lóð nr. 31 við Ármúla. Erindi fylgir yfirlit breytinga. Gjald kr. 15.400.
- Samþykkt. Samræmist ákvæðum laga nr. 160 / 2010.
- Afgreiðist með sömu stimplum og stofnerindi.
14. **Dugguvogur 6 - USK23020267** Sótt er um leyfi til að setja svalalokun á svalir íbúðar 0401, í mhl. 03, í Dugguvogi 6, á lóð nr. 2 við Skektuvog. Erindi fylgir yfirlit breytinga, fundargerð aðalfundar dags. 4. maí 2023 og fundargerð húsfundar dags. 16. maí 2023. Gjald kr.14.000.
- Samþykkt. Samræmist ákvæðum laga nr. 160 / 2010.
- Áskilin lokaúttekt byggingarfulltrúa.
15. **Engihlíð 6 - USK24020089** Sótt er um leyfi til þess að rífa stromp, gera hurðargat í burðarvegg auk ýmissa innanhúsbreytinga í húsi nr. 6 við Engihlíð. Erindi fylgir greinagerð hönnuðar dags. 07. febrúar 2024 ,mat á burðarhæfni dags. 05.febrúar 2024 og yfirlit breytinga og umsögn skipulagsfulltrúa dags. 18. mars 2024. Gjald kr. 15.400.
- Frestað. Vísað til athugasemda.
16. **Fellsmúli 24 - USK24030301** Sótt er um leyfi til að endurbyggja þök og veggi og yfirfara eldvarnarhólfun og innrétta að nýju hjólbarðaverkstæði, dekkjalager og smurstöð á 2. hæð, millilofti og í kjallara mhl. 01 á lóð nr. 24 við Fellsmúla. Erindi fylgir yfirlit breytinga. Stækkun: 226,9 ferm., 389,5 rúmm. Eftir stækkun: 2.879,7 ferm., 10.977 rúmm. Gjald kr. 15.400.
- Frestað. Vísað til athugasemda.
17. **Fiskislóð 29 - USK24030257** Sótt er um leyfi til að breyta atvinnuhúsi á lóð nr. 29 við Fiskislóð. Erindi fylgir hæðarblað dags. 19. júní 2007, mæliblað dags.19. júní 2007 og yfirlit breytinga dags.14. september 2010. Stærð: Fyrir breytingu: 630,5 ferm., 2.926,3 rúmm. Eftir breytingu: 877,9 ferm., 4.293,7 rúmm. Gjald kr. 15.400.
- Frestað. Vísað til athugasemda heilbrigðiseftirlitsins.

18. **Freyjugata 16 - USK24030158** Sótt er um leyfi til að breyta erindi BN061489 og USK23070227 þannig að færslu á innveggjum og eldhússkipulags á öllum hæðum, lokuðum stoðvegg á svölum er staðsettur Válastígs megin, og breytingar á gluggum og stigi verður úr timbri í gististað í flokki II, teg c í húsi á lóð nr. 16 við Freyjugötu. Erindi fylgir umsögn Minjastofnunar dags. 20. sept. 2022 sem er inn á stofnerindi og 4. apríl 2024 fyrir breytingarerindi og umsögn skipulagsfulltrúa dags. 27. okt. 2021 sem var gerð með umsókn USK23070227

Gjald kr. 15.400.

Samþykkt. Samræmist ákvæðum laga nr. 160 / 2010.

Afgreiðist með sömu stimplum og stofnerindi.

19. **Fífurimi 13 - USK24050176** Sótt er um leyfi til að breyta erindi BN061780 vegna lokaúttektar í húsi á lóð nr. 13 við Fífurima.

Gjald kr. 15.400.

Samþykkt. Samræmist ákvæðum laga nr. 160 / 2010.

Afgreiðist með sömu stimplum og stofnerindi.

20. **Hallgerðargata 23 - USK24040086** Sótt er um leyfi til að breyta innra skipulagi í atvinnuhúsi á lóð nr. 23 við Hallgerðargötu.

Gjald kr. 15.400.

Frestað. Vísað til athugasemda.

21. **Hofteigur 22 - BN061190** Sótt er um leyfi fyrir áður gerðum breytingum þar sem gerð er grein fyrir breytingum á íbúðum og breytingum á stærðum á íbúð 0301 sem ekki hefur verið skráð rétt þannig að hún fer úr 69,1 ferm í 95,0 ferm auk þess sem gerð er grein fyrir áður gerðum svölum á íbúð 0301 í húsi á lóð nr. 22 við Hofteig.

Erindi fylgir lóðauppráttur dags. 1. ágúst 2017, umsögn burðarvirkishönnuðar dags. 8. apríl 2024 og samþykki þinglýstra eigenda með undirritun á yfirlýsingarblaði og á teikningum dags. 7. febrúar 2023, 1. mars 2023 og 9. mars 2023.

Gjald kr. 12.600.

Samþykkt. Samræmist ákvæðum laga nr. 160 / 2010.

Það athugist að um er að ræða samþykkt á áður gerðri framkvæmd sem gerð var án byggingarleyfis. Óvissa kann því að vera um uppbyggingu og útfærslu framkvæmdar. Hvorki er skráð verktrygging á verkið né ábyrgðaraðilar.

22. **Hverfisgata 105 - USK24030044** Sótt um leyfi til að innrétta íbúð í rými 0204 í húsi á lóð nr. 105 við Hverfisgötu.

Gjald kr. 15.400.

Frestað. Vísað til athugasemda.

23. **Hverfisgata 6 - USK24020271** Sótt er um leyfi til að breyta innra skipulagi og innrétta matsal, nýtt eldhús, snyrtingar og fundaaðstöðu fyrir starfsmenn á 5. hæð í framhúsi á lóð nr. 6 við Hverfisgötu. Erindi fylgir yfirlit breytinga.

Gjald kr. 15.400.

Samþykkt. Samræmist ákvæðum laga nr. 160 / 2010.

Áskilin lokaúttekt byggingarfulltrúa.

24. **Hæðargarður 22 - USK24030047** Sótt er leyfi til þess að byggja geymsluskúr, mhl.02 við lóðarmörk að lóð nr. 20, breyta aðgengi og eignarhaldi sameignar á 1. hæð, innra skipulagi íbúðar 0201, hækka þak og byggja kvisti til norðurs og suðurs, innrétta íbúðarrými í risi og gera svalir á suðurhlið 2. hæðar og rishæðar á íbúðarhúsi, mhl.01, á lóð nr. 22 við Hæðargarð.

Mhl.01 - stækkun 1 : 50.7 ferm., 95.1 rúmm.

Mhl.02 - stærð: 22.0 ferm., 66.0rúmm

Erindi fylgir samþykki eigenda Hæðargarðs 22 og 24, dags. 7. janúar 2023 og yfirlit breytinga á afriti aðaluppdráttu samþykktum 14. júlí 1949.

Gjald kr. 15.400.

Frestað. Vísað til athugasemda eldvarnareftirlitsins.

25. **Hæðargarður 24 - USK24030046** Sótt er leyfi til þess að byggja geymsluskúr, mhl.02 við lóðarmörk að lóð nr. 26, breyta aðgengi og eignarhaldi sameignar á 1. hæð, innra skipulagi íbúðar 0201, hækka þak og byggja kvisti til norðurs og suðurs, innrétta íbúðarrými í risi og gera svalir á suðurhlið 2. hæðar og rishæðar á íbúðarhúsi, mhl.01, á lóð nr. 24 við Hæðargarð.

Mhl.01 - stækkun 1 : 52.5 ferm., 98.7 rúmm.

Mhl.02 - stærð: 22.0 ferm., 66.0rúmm

Erindi fylgir samþykki eigenda Hæðargarðs 22 og 24, dags. 7. janúar 2023 og yfirlit breytinga á afriti aðaluppdráttu samþykktum 14. júlí 1949.

Gjald kr. 15.400.

Frestað. Vísað til athugasemda eldvarnareftirlitsins.

26. **Hólmsland - USK23100043** Sótt er um leyfi til að breyta erindi BN054661 þannig að byggt er inntaksrými við inngang og útveggir framlengdir til vesturs undir þaki sumarhússins Dalbær sem er mhl. 19 í Hólmslandi.

Stækkun: xx ferm., xx rúmm.

Eftir stækkun: 73,8 ferm., 181,5 rúmm.

Gjald kr. 14.500.

Frestað. Vísað til athugasemda.

27. **Jöfursbás 1 - USK24040310** Sótt er um leyfi til að byggja fjögur 4-6 hæða fjölbýlishús, með 83 íbúðum, atvinnurýmum á tveimur hæðum í vesturenda, á bilakjallara með 35 stæðum sem tengist aðliggjandi bílakjallara (Jöfursbás 3) og verða innkeyrsla og flóttaleiðir samnýttar á lóð nr. 1 við Jöfursbás.

Erindi fylgir greinargerð um brunahönnun frá Örugg dags. 29. apríl 2024 og greinargerð um hljóðvist frá COWI dags. 24. apríl 2024.

Stærð:

Gjald kr. 15.400.

Frestað. Vísað til athugasemda.

28. **Kalkofnsvegur 2 - USK24050038** Sótt er um leyfi til að innrétta skrifstofur í rýmum 0406 og 0411 á 4. hæð í mhl. 12, Kalkofnsvegi 2 á lóð nr. 2 við Austurbakka.

Erindi fylgir yfirlit breytinga.

Gjald kr. 15.400.

Samþykkt. Samræmist ákvæðum laga nr. 160 / 2010.

Áskilin lokaúttekt byggingarfulltrúa.

29. **Katrínartún 2 - USK24040153** Sótt er um leyfi til að breyta innra skipulagi í syðsta hluta 6. hæðar skrifstofuhússins Katrínartún 2 á lóð nr. 8-16A við Borgartún.
Erindi fylgir yfirlit breytinga og tölvupóstur hönnuðar sem svar við athugasemd Heilbrigðiseftirlits.
Gjald kr. 15.400.
- Samþykkt. Samræmist ákvæðum laga nr. 160 / 2010.
- Áskilin lokaúttekt byggingarfulltrúa.
30. **Laugavegur 35 - USK24050090** Sótt um leyfi til að sameina Laugaveg 33, Laugaveg 35 og Vatnsstig 4. Sótt um leyfi til að reka gististarfsemi á Laugavegi 33 og 35 ásamt Laugavegi 35B. Breytingar á innra skipulagi vegna gististarfsemi.
- Frestað. Vísað til athugasemda.
31. **Leirulækur 2 - USK24040223** Sótt er um leyfi til að taka út milliveg í færanlegri skólastofu, mhl. 04 á lóð nr. 2 við Leirulæk. Gjald kr. 15.400.
- Frestað. Vísað til athugasemda.
32. **Njarðargata 43 - USK24050091** Sótt er um leyfi fyrir áður gerðum breytingum sem felast í bættum brunavörnum auk þess fyrir nýjum svölum á norðurhlíð hússins og ýmissa innanhússbreytinga í gistiheimili í fl. II teg. ? húsi nr. 43 við Njarðargötu.
Gjald kr. 15.400.
- Frestað. Vísað til athugasemda. Málinu vísað til umsagnar skipulagsfulltrúa.
33. **Rafstöðvarvegur 33-33A - BN061875** Sótt er um leyfi fyrir áður gerðri einnar hæðar viðbyggingu, sólskála, úr timbri við suðausturhlíð íbúðar 0101, hús nr. 33, í tvíbýlishúsi á lóð nr. 33 - 33A við Rafstöðvarveg.
Stækkun: 24.0 ferm., 60.0 rúmm.
Erindi fylgir óþinglýst samþykki eiganda íbúar 0102 dags. 13. mars 2024 og A3 afrit af aðalteikningum samþykktum 22. ágúst. 2022. Umsögn skipulagsfulltrúa dags. 16. maí sl., fylgir erindi.
Gjald kr. 13.200.
- Frestað. Vísað til athugasemda.
34. **Samtún 2 - USK24030126** Sótt er um leyfi til að byggja bílskúr, mhl. 03 á lóð nr. 2 við Samtún.
Stærð: 28 ferm., 81,2 rúmm.
Gjald kr. 15.400.
- Samþykkt. Samræmist ákvæðum laga nr. 160 / 2010. Áskilin lokaúttekt byggingarfulltrúa. Skilyrt er að ný eignaskiptayfirlýsing sé gerð, þar sem verið er að gera breytingar á fjöleignarhúsi.
Eignaskiptayfirlýsandi þarf að senda staðfestingu á að byrjað sé að gera eignaskiptayfirlýsinga á eignaskiptayfirlýsing@reykjavik.is fyrir útgáfu byggingarleyfis.
35. **Skipholt 21 - USK24050063** Sótt er um leyfi til að breyta erindi BN061331 þannig að tekin eru niður loft á göngum í gististað í fl. II, teg. b, í húsi á lóð nr. 21 við Skipholt.
Erindi fylgir yfirlit breytinga.
Gjald kr. 15.400.
- Frestað. Vísað til athugasemda.
36. **Skipholt 21 - USK23090211** Sótt er um leyfi til að innrétta snyrtistofu og verslun í rými 0102 og 0103 í húsi á lóð nr. 21 við Skipholt.
Gjald kr. 14.500.
- Samþykkt. Samræmist ákvæðum laga nr. 160 / 2010.
- Áskilin lokaúttekt byggingarfulltrúa. Áskilið samþykki heilbrigðiseftirlits.

37. **Sléttuvegur 3 - USK24040064** Sótt er um leyfi fyrir svalalokun og lokun á bogavegg á efstu hæð fjölbýlishúss á lóð nr. 3 við Slétturvegi. Ekki eru gerðar skipulagslegar athugasemdir við erindið. Stærð ferm. rúmm. Gjald kr.15.400.

Frestað. Vísað til athugasemda.

38. **Stefnisvogur 38 - USK24040253** Sótt er um leyfi til að byggja steinsteypt fjölbýlishús með 71 íbúð, þrjár stakstæðar byggingar á 2-5 hæðum á bílakjallara með 63 stæðum á lóð nr. 38 við Stefnisvog. Erindi fylgir greinargerð um hljóðvist frá COWI dags. 19. apríl 2024. Stærð, A-rými: 9.942,9 ferm., B-rými: 352,8 ferm. Samtals: 10.295,7 ferm., 32.488,1 rúmm. Gjald kr. 15.400.

Frestað. Lagfæra skráningu.

39. **Stýrimannastígur 7 - USK24030348** Sótt er um leyfi til að byggja hæð með kvisti ofaná bíslag á bakhlið og innrétt þar það og þvottaaðstöðu í einbýlishúsi á lóð nr. 7 við Stýrimannastíg. Erindi fylgir umsögn Minjastofnunar dags. 3. maí 2024 og yfirlit breytinga dags. 14. maí 2024. Stækkun: 9,8 ferm., 62,2 rúmm. Eftir breytingu 207,9 ferm., 605,2 rúmm. Gjald kr. 15.400.

Frestað. Vísað til athugasemda eldvarnareftirlitsins.

40. **Sundlaugavegur 34 - USK24010278** Sótt er um leyfi til að breyta innra skipulagi þannig að kaffihúsi verður breytt í eldhús með veitingasal og gistirýmum fjölgað úr 180 í 213 í farfuglaheimili á lóð nr. 34 við Sundlaugaveg Gjald kr. 15.400.

Samþykkt. Samræmist ákvæðum laga nr. 160 / 2010.

Áskilin lokaúttekt byggingarfulltrúa. Áskilið samþykki heilbrigðiseftirlits.

41. **Varmadalssandi - USK24040210** Sótt er um leyfi til að byggja 225,9 ferm og 714,1 rúmm. íbúðarhús á lóð nr. í Varmadalssandi. Erindi fylgir greinargerð hönnuðar dags.18.apríl 2024. Umsögn skipulagsfulltrúa dags. 16. maí 2024. Gjald kr. 15.400.

Frestað. Vísað til athugasemda.

42. **Vatnagarðar 6 - USK24050108** Sótt er um leyfi fyrir áður gerðum breytingum þar sem innra skipulagi rýmis 0101 er breytt í húsiá lóð nr. 6 við Vatnagarða. Erindi fylgir hæðarblað dags. 8. júlí 2024 og mæliblað dags. 30. október 1979. Gjald kr. 15.400.

Frestað. Vísað til athugasemda.

43. **Vatnsstígur 20-22 - USK24040170** Sótt er um leyfi til að útbúa aðstöðu fyrir húsvörð í hluta af bílakjallara í húsi nr. 20-22 við Vatnsstíg. Erindi fylgir yfirlit breytinga dags. 19. janúar 2016 og 10. mars 2020 og samþykki f.h. húsfélagsins dags. 16. apríl 2024. Gjald kr.15.400.

Frestað. Vísað til athugasemda.

44. **Ægisgata 4 - USK24020269** Sótt er um leyfi til þess að breyta erindi BN043034, með síðari breytingu BN049040, vegna lokaúttektar þannig að innra skipulagi er breytt á öllum hæðum Íbúðarherbergjum fjölgað um eitt á hvorri hæð og gluggar fjarlægðir á norður gafl 1. og 2. hæðar, einnig eru áform um breytta notkun sem gistiheimili dregin til baka og fasteign því áfram skráð sem einbýlishús með aukaíbúðum og íbúðarherbergjum í húsi á lóð nr. 4 við Ægisgötu. Jafnframt er óskað eftir því að erindi USK230151 sem samþykkt var 11. maí 2023 verði felld úr gildi og að nýr aðalhönnuður verði skráður á málið. Erindi fylgir umboð frá upphaflegum aðalhönnuði dags. 3. apríl 2024, yfirlit breytinga á afriti aðaluppdráttu samþykktum 17. maí 2011 og fylgja skýringaruppdrættir I og II dags. 24. febrúar 2024. Gjald kr. 15.400.

Samþykkt. Samræmist ákvæðum laga nr. 160 / 2010.

Afgreiðist með sömu stimulum og stofnerindi.

Ýmis mál:

45. **Fálkagata 20B - fsp. stækkun - USK24040241** Spurt er hvort leyft yrði að stækka glerskála til vesturs upp að nágrannalóð á lóð nr. 20b við Fálkagötu. Umsögn skipulagsfulltrúa dags. 23. maí sl., fylgir erindi.

Afgreitt. Samanber umsögn skipulagsfulltrúa dags. 23. maí sl.

46. **Gvendargeisli 76 - áb. 74181 - skjólveggur út fyrir lóðamörk- slyshætta - USK23100079** Lagt fram bréf byggingarfulltrúa dags. 4. janúar 2024 þar sem ákveðið hefur verið að leggja dagsektir kr. 25.000 fyrir hvern þann dag sem dregst að verða við kröfum byggingarfulltrúa. Dagsektir verða innheimtar frá og með 28. maí 2024.. USK23100079

Samþykkt. Samræmist ákvæðum laga nr. 160 / 2010.

47. **Hverfisgata 98, 100, 100A og 100 C - 1.174.1 - USK24050166** Ganga frá merkjalýsingu fyrir sameiningu á hluta Mannverks í lóðinni Hverfisgötu 100A við lóðirnar Hverfisgötu 98A og Hverfisgötu 100.

Samþykkt. Samræmist ákvæðum laga nr. 160 / 2010.

48. **Kjalarnes - Grundarhverfi - Jörfi - 32.471 - 32.472.1 32.472.2 - USK23090236** Gera mæliblöð af nýjum lóðum í Grundarhverfi við Jörfa - sunnan Brautarholtsvegar.

Samþykkt. Samræmist ákvæðum laga nr. 160 / 2010.

Fundi slitið kl. 10:15

**Brynjar Þór Jónasson
Edda Þórsdóttir
Margrét Pálína Cassaro
Sigrún Reynisdóttir
Sigurður Stefán Karlsson
Sigrún Reynisdóttir
Guðrún Ósk Hrólfsdóttir**